



Hreppsnefnd 21.12.06

Fundur hreppsnefndar fimmtudaginn 21. des. 2006 í félagsheimilinu Miklagarði kl. 12:00.
Mætt til fundar: Aðalbjörn Björnsson, Anna Pála Víglundsdóttir, Borghildur Sverrisdóttir, Björn Halldórsson, Þórdís Marín Þorbergsdóttir og Skúli Þórðarson.

Ennfremur: Þorsteinn Steinsson sveitastjóri og Magnús Már Þorvaldsson, er ritaði fundargerð.

Gengið til dagskrár:

1. mál. Fundargerð hreppsnefndar frá 14. des. sl.

Lögð fram fundargerð hreppsnefndar frá 14. des. sl. Oddviti kallaði eftir athugasemdum við fundargerðina. Björn Halldórsson fulltrúi minnihlutans kvaddi sér hljóðs og lýsti yfir óánægju sinni með fundartíma fundarins o.fl. Gerði hann í því sambandi grein fyrir svofelldri bókun minnihlutans:

“Undirrituð mótmælum því harðlega að fundartími sveitarstjórnarfundar 21/12 skuli vera kl. 12.00, án þess að kannað væri hvort samþykki væri fyrir því.

Jafnframt mótmælum við því að fjárhagsáætlun fyrir 2007 skuli ekki hafa verið afhent sveitarstjórnarmönnum í samræmi við nýsamþykktar samþykktir sveitarstjórnar um afhendingu gagna fyrir fundi.

*Björn Halldórsson
Þórdís Marín Þorbergsdóttir
Skúli Þórðarson”*

Eftir að hafa lagt bókun minnihlutans fram gekk Björn af fundi og aðrir fulltrúar minnihlutans einnig.

Oddviti hreppsnefndar tók síðan til máls og lýsti furðu sinni á vinnubrögum þessum. Taldi hann að lítið mál hefði verið fyrir fulltrúa minnihlutans að óska eftir því með símtali til sveitarstjóra að fresta fundi og færa hann á annan tíma. Til fundarins hefði verið boðað með tilskyldum fyrirvara og í dagskrá hefði greinilega verið tekið fram að um breyttan fundartíma væri að ræða. Í þessu sambandi vísar meirihluti hreppsnefndar til III. kafla sveitarstjórnarlaga, sem fjallar um réttindi og skyldur sveitarstjórnarmanna. Í 27. gr. laganna segir orðrétt:

“Sveitarstjórnarmanni ber skylda til að sækja alla sveitarstjórnarfundi og fundi í nefndum á vegum sveitarstjórnar nema lögmæt forföll hamli.

Hver sveitarstjórnarmaður er skyldur til að inna af hendi störf sem sveitarstjórn felur honum og varða verkefni sveitarstjórnarinnar.”

Í skýringum með þessari grein laganna segir m.a. orðrétt:

“Fyrir hefur komið að einn eða fleiri sveitarstjórnarmenn ganga af fundi sveitarstjórnar áður en dagskrá fundarins er tæmd án lögmætra forfalla, til dæmis í mótmælaskyni við afgreiðslu sveitarstjórnar á tilteknu máli

Með slíkri framgöngu brjóta þeir í raun þá skyldu sína sem fram kemur í 1. mgr.”

Á fundinn mætti Ólafur Ármannsson

Að svo stöddu sleit oddviti fundi og lagði til að boðað yrði til nýs fundar fimmtudaginn 28. des. nk. kl. 16.00 í félagsheimilinu Miklagarði, þar sem teknir yrðu fyrir þeir dagskrárliðir sem fyrir þessum

fundu lágu.

Fleira ekki gert og fundu slitið kl. 12.10.